

FUNDARGERÐ

Árið 2016, föstudaginn 2. desember kl. 11:00 kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Sölvhólsvör í innanríkisráðuneytinu, Sölvhólsgötu 7 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásgerður Gylfadóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Bjarni Jónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Sigríður Huld Jónsdóttir og Valdimar O. Hermannsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Bergi Sigurjónssyni, Guðna Geir Einarssyni, Tinnu Dahl Christiansen og Elínu Gunnarsdóttur, sem ritaði fundargerð.

Að auki sátu fundinn Lúðvík Geirsson formaður, Áslaug Friðriksdóttir og Tryggvi Þórhallsson nefndarmenn í ráðgjafarnefnd Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga þegar fjallað var um framtíðarhlutverk fasteignasjóðsins undir lið 11.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð 11. nóvember 2016

Lögð fram fundargerð frá 11. nóvember 2016 til umfjöllunar og afgreiðslu.

Fundargerðin samþykkt án athugasemda og undirrituð.

2. Umsókn um framlag vegna sérstakra verkefna – 11. gr. rgl. nr. 960/2010

Fjölís

Lagt var fram erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 23. nóvember 2016 til umfjöllunar og afgreiðslu. Jafnframt dreift á fundi yfirliti yfir þegar samþykkt framlög sjóðsins vegna sérstakra verkefna er falla undir 11. gr. rgl. nr. 960/2010, 8. gr. rgl. nr. 351/2002 og B lið 7. gr. rgl. nr. 960/2010.

Í erindi Sambandsins er óskað eftir 10. m.kr. árlegu framlagi til Fjölís vegna samnings um notkun á höfundarréttarvörðu efni í stjórnsýslunni, sbr. a- lið 1. mgr. 11. gr. rgl. nr. 960/2010 með heimild í f- lið 7. gr. rgl. 267/2013. Samningurinn næði til fimm ára og tæki verðlagsbreytingum á tímabilinu. Með þessum miðlæga samningi telur Sambandið að verulegt rekstrarhagræði skapist fyrir sveitarfélögin vegna notkunar á höfundarréttarvörðu efni í stjórnsýslunni. Málinu til stuðnings er vísað í nýlega samþykktu tillögu ráðgjafarnefndar til ráðherra frá 28. ágúst 2016 um árlegt framlag til mennta- og menningarmálaráðuneytisins vegna sambærilegs samnings um notkun á höfundarréttarvörðu efni í skólastarfi. Í erindinu er talið upp hvað fælist í slíkum miðlægum samningi við Fjölís. Litið væri á þennan samning sem viðbót við samninginn um höfundarréttarvarða efnið í skólastarfi. Framlagið myndi hvað þennan samning varðar ekki renna til mennta- og menningarráðuneytisins heldur til lögaðila utan stjórnkerfisins, sem er Fjölís. Höfundarréttarvarða efnið myndi nýtast sem fyrr í almanna þágu og uppfylla þannig markmið 11. gr. rgl. nr. 960/2010 að mati Sambandsins.

Nefndin ræddi nú málið frekar og var sammála því að tilgangur verkefnisins um að nýtast sveitarfélögunum í almanna þágu félli að 11. gr. rgl. nr. 960/2010. Hins vegar vildi nefndin skoða samninginn frekar út frá skilgreindu lögbundnu hlutverki sjóðsins og fá fulltrúa Sambandsins á fund nefndarinnar.

Karlar í yngri barna kennslu

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 1. desember 2016 ásamt bréfi Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 9. nóvember 2016 og fylgiskjali með verk- og tímaáætlun verkefnisins til umfjöllunar og afgreiðslu.

Í erindi Sambandsins er óskað eftir framlagi að fjárhæð 3 m.kr. vegna verkefnisins „Karlar í yngri barna kennslu“ sbr. 11. gr. rgl. nr. 960/2010. Markmið verkefnisins er að vekja athygli ungra karla á starfi kennara í leikskólum og fjölga þeim í starfi. Í verk- og tímaáætlun verkefnisins er m.a. rakið hvaða aðilar styrkja verkefnið.

Nefndin ræddi nú málið frekar og var sammála að verkefnið væri utan verkefnasviðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Nefndin hafnaði erindinu.

3. Útgjaldajöfnunarframlög 2016

Viðbótarframlag vegna skólaaksturs úr dreifbýli

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 29. nóvember 2016 ásamt yfirliti, nefndinni til kynningar, yfir framlög vegna skólaakstur úr dreifbýli á grundvelli B-hluta 13. gr. rgl. nr. 960/2010.

Í yfirlitinu kemur fram að áætluð heildarframlög vegna skólaaksturs úr dreifbýli á grundvelli B-hluta 13. gr. rgl. nr. 960/2010 nema samtals 750 m.kr. á árinu 2016. Til úthlutunar koma samtals 575 m.kr. sem koma til greiðslu mánaðarlega með jöfnum greiðslum. Áætlað var að 175 m.kr. kæmu til úthlutunar á grundvelli umsókna frá sveitarfélögum sbr. b-lið 3. gr. vinnureglna frá 8. desember 2010, sem endurskoðaðar voru 11. desember 2012, vegna íþyngjandi kostnaðar við skólaakstur á árinu 2016 umfram framlög úr Jöfnunarsjóði þar að lútandi. Yfirlitið sýnir umsóknir sveitarfélaga um viðbótarframlag vegna skólaaksturs úr dreifbýli á árinu 2016 og eru helstu forsendur við útreikning framlaganna eftirfarandi:

Kostnaður við skólaakstur úr dreifbýli á árinu 2016 umfram framlög úr Jöfnunarsjóði þar að lútandi.

- Skerðing framlaganna tekur mið af hámarkstekjum í hverju sveitarfélagi sbr. forsendur við útreikning endanlegra tekjújöfnunarframlaga árið 2016.
- Með breytingu á vinnureglum um úthlutun framlaga vegna skólaaksturs er Akureyrarkaupstað nú heimilt að sækja um framlag vegna skólagöngu nemenda úr Grímsey er stunda nám í efri bekkjum grunnskólans á Akureyri, sbr. heimildarákvæði við b-lið 3. gr. vinnureglnanna frá 11. desember 2012.

Umsóknir um viðbótarframlag eftir skerðingu eru að fjárhæð 216.635.918 sem eru aðlagðar að fjármagni til ráðstöfunar. Með tilvísun til þess sem hér að framan greinir nemur áætlað viðbótarframlag vegna íþyngjandi kostnaðar sveitarfélaga við skólaakstur úr dreifbýli á árinu 2016 umfram tekjur úr Jöfnunarsjóði þar að lútandi samtals 175 m.kr. Heildarframlög vegna skólaaksturs 2016 nema því 750 m.kr.

Yfirlitið lagt fram sem drög nefndinni til kynningar. Útreikningur framlaganna verður tekinn upp þegar ljóst er hver endanleg tekjuskerðing sveitarfélaganna verður.

4. Framlög vegna eflingar tónlistarfræðslu

Framlög sbr. 7. gr. rgl. nr. 23/2013 – nemendur sem sækja nám utan lögheimilissveitarfélags

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 30. nóvember 2016 ásamt yfirliti yfir fjölda nemenda í þeim sveitarfélögum sem sækja tónlistarskóla utan síns sveitarfélags skólaárið 2016 til 2016 sbr. 7. gr. rgl. nr. 23/2013.

Í minnisblaðinu er farið yfir forsendur úthlutunar framlagsins vegna eflingar tónlistarfræðslu sbr. 7. gr. rgl. nr. 23/2013 og á grundvelli reglna vegna samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 13. apríl 2016 en þar er Jöfnunarsjóði sveitarfélaga heimilt að veita sveitarfélögum framlög vegna nemenda sem þurfa af gildum ástæðum að sækja tónlistarskóla utan síns sveitarfélags. Skilyrði er að fyrir liggi staðfesting um að námið verði metið til eininga í framhaldsskóla.

Úthlutun framlaga samkvæmt þessari grein takmarkast af því hve mikið fjármagn Jöfnunarsjóður hefur til ráðstöfunar að teknu tilliti til framlaga skv. 4. og 6. gr rgl. nr. 23/2013. Við ákvörðun framlaga skal umsóknum forgangsraðað í eftirfarandi röð:

- Nemendur á miðstigi í hljóðfæragreinum.
- Nemendur á grunnstigi í söng eða hljóðfæragreinum, þ.e. nemendur sem hafa verið í tónlistarnámi á grunnstigi í eitt skólaár eða lengur.
- Nemendur sem eru að hefja nám á grunnstigi í söng.

Úthlutuð framlög vegna samþykktra umsókna samkvæmt þessari grein skulu að hámarki nema 50% af vagnu meðaltali framlags á nemanda, sbr. 3. mgr. 1. gr. rgl. nr. 23/2013.

Nefndin samþykkti að úthlutað yrði 50%, sbr. 7. gr. rgl. nr. 23/2013 af vagnu meðaltali framlags á nemanda á grundvelli 1. gr. rgl. nr. 23/2013 eða í samræmi við það sem verið hefur. Í fyrra var viðmiðunargjaldið 255.826 kr. en mun væntanlega hækka verulega vegna skólaársins 2016/2017 eða í allt að 400.000 kr. pr. nemanda, þar sem nemendum almennt, sem falla undir reglugerðina, hefur fækkað með tilkomu nýstofnaðs tónlistarframhaldsskóla í Reykjavík.

YFIRFÆRSLA GRUNNSKÓLANS

5. Kennsluráðgjafi í nýbúafraeðslu Samband íslenskra sveitarfélaga

Lagt var fram minnisblað Jöfnunarsjóðs dags. 1. desember 2016 ásamt minnisblaði Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 1. desember 2016.

Í erindi Sambandsins er þess farið á leit við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga að samþykkt verði að framlag, sem tekur mið af einu stöðugildi verkefnastjóra í kennsluráðgjöf vegna innflytjenda á grunnskólaaldri í sveitarfélögum öðrum en Reykjavíkurborg auk annars kostnaðar, renni til Menntamálastofnunar í stað Reykjavíkurborgar nú. Færð eru rök fyrir því að stöðugildi verkefnastjórans verði flutt frá Reykjavíkurborg til Menntamálastofnunar, þar sem verkefni hans eigi meiri samleið með stofnuninni, sem sé að efla læsi meðal grunnskólanemenda, en með verkefnum borgarinnar. Að auki einskorðast starf verkefnastjórans einvörðungu við skóla utan Reykjavíkurborgar, sbr. samning þar að lútandi. Starfsstöð verkefnastjórans hefur verið á einni af þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar, sem haft hefur í för með sér að erfitt hefur verið að skilja þjónustu borgarinnar frá öðrum sveitarfélögum.

Nefndin samþykkti eftir nokkra umræðu að framlaginu vegna stöðugildis verkefnastjórans auk annars kostnaðar verði nú úthlutað til Menntamálastofnunar í stað Reykjavíkurborgar, með eftirfarandi bókun:

Þrátt fyrir að framlaginu vegna verkefnastjórans í kennsluráðgjöf vegna innflytjenda á grunnskólaaldri í sveitarfélögum öðrum en Reykjavíkurborg úthlutist ekki Reykjavíkurborg heldur Menntastofnun þá mun það ekki breyta eðli framlagsins eða kostnaðarþáttum sem greitt er fyrir og mun áfram falla undir framlög vegna yfirfærslu grunnskólans.

6. Djúpavogshreppur
Umsókn vegna íþyngjandi kostnaðar

Lagt var fram bréf Djúpavogshrepps dags. 18. nóvember 2016.

Í erindi Djúpavogshrepps kemur fram að sveitarfélagið hafi orðið fyrir verulega íþyngjandi kostnaði vegna ófyrirséðra tilvika í rekstri grunnskólans vegna fjárhagsársins 2016 og sæki þar af leiðandi um framlag vegna íþyngjandi kostnaðar sbr. 2. tl. 8. gr. rgl. 351/2002. Á fundinum kom fram að fyrst í desember 2017 muni endanlegur tekjustofn sveitarfélaga vegna fjárhagsársins 2016 liggja fyrir. Ekki fyrir en þá verði hægt að reikna út önnur framlög sbr. 2. tl. 8. gr. rgl. 351/2002 þar sem reikniregla framlagsins taki mið af verulegum útgjöldum umfram tekjur sveitarfélags.

Nefndin var sammála um að fresta málinu þar til endanlegur tekjustofn fjárhagsársins 2016 liggur fyrir og að Djúpavogshreppi verði gerð grein fyrir stöðu mála.

YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐS FÓLKS

7. Framlög ársins 2017
Almenn framlög vegna þjónustu við fatlað fólk

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 2. desember 2016 vegna áætlaðra framlaga vegna málefni fatlaðs fólks á árinu 2017. Til viðbótar fundargögnum voru lögð fram tvö yfirlit yfir mismunandi sviðsmyndir fyrir reikniverk framlaga vegna reglugerðar ársins 2017.

Umræðu, frá fundi nefndarinnar þann 11. nóvember sl., var nú haldið áfram varðandi þær tillögur sem þá voru lagðar fram vegna mögulegra breytinga á regluverki útreiknings framlaganna um málefni fatlaðs fólks á árinu 2017.

Á fundinum var rætt um framlagðar tillögur um aðferðarfræðina varðandi útreikning framlaganna vegna þjónustu við fatlað fólk fyrir árið 2017. Meirihluti nefndarinnar samþykkti eftirfarandi tillögu formanns að 1. áætlun almennra framlaga vegna málefna fatlaðs fólks fyrir árið 2017. Nefndarmennirnir Birgir B. Sigurjónsson og Bjarni Jónsson ákváðu að sitja hjá við afgreiðslu tillögunnar.

Áætlað framlag vegna málefna fatlaðs fólks vegna ársins 2017 verði samtals 13.550 m.kr. Breytingar á regluverki framlaganna frá útreikningi framlaga á árinu 2016 eru eftirfarandi:

- 1. Jöfnun á grunni stuðningsþarfar hefur 87% vægi við útreikning (85% árið 2016).*
- 2. Framlög er taka mið af útsvari hefur 12% vægi við útreikning (14% árið 2016).*
- 3. Innviðir - fjarlægðir og fjöldi km. hefur 1% vægi við útreikning (1% árið 2016).*

Samkvæmt reglugerð vegna framlaganna á árinu 2016 er reiknuð útgjaldþörf vegna flokks 4 og ofar á grundvelli raunkostnaðar, ef raunkostnaður og áætlaður viðbótarkostnaður vegna ársins 2016 er lægri en 25% af einingarverði SIS flokks. Við útreikning framlaganna á árinu 2017 verður viðmiðið fært niður í 12,5%. Nefndin ákvað að stefnt yrði að því að framlög til þjónustupega tækju mið af 5. flokki SIS mats á árinu 2018 í stað 4. flokks SIS mats áður.

8. Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga
Framtíðarhlutverk

Á fundinn mættu fulltrúar í ráðgjafarnefnd Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að kynna mögulegt framtíðarhlutverk Fasteignasjóðsins. Afhentu þeir yfirliti yfir umræðuefni fundarins.

Í máli fulltrúanna kom fram að skipunartími nefndar Fasteignasjóðsins væri nú að renna sitt skeið, en skipunin hafi verið framlengd til áramóta. Nú væru tvær síðustu fasteignirnar, sem sjóðurinn hefði haft yfirráð yfir, seldar og því brýnt að marka hlutverk Fasteignasjóðsins til framtíðar. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur lagt áherslu á sjálfstæði sjóðsins þegar kemur að fyrirkomulagi varðandi fasteignajöfnun í málaflokknum. Fulltrúar Fasteignasjóðsins töluðu fyrir mikilvægi þess að ráðstöfun eigna Fasteignasjóðsins verði með sem sértækustum hætti enda styðji það best við upphaflegt hlutverk hans sem sé að jafna aðstöðumun milli einstakra svæða vegna fasteigna sem nýttar eru í þjónustu við fatlað fólk. Fulltrúarnir fóru nú yfir mögulegt framtíðarhlutverk Fasteignasjóðsins sem m.a. gæti falist í þátttöku svokallaðra:

- fasteigna- eða búsetuframlaga vegna bæði nýrri og eldri úrræða
- breytingaframlaga
- framlaga vegna óhagstæðra langtímaleigusamninga
- stofnframlaga til byggingar hæfingarstöðva
- hlutdeildar Fasteignasjóðsins í sveiflujöfnun vegna rekstrarvanda svæðanna.

Fulltrúar nefndarinnar telja mikilvægt að tekin verði í það minnsta ákvörðun fyrir áramót um afgreiðslu stofnframlaganna.

Nefndin ræddi það sem komið hafði fram í máli fulltrúa Fasteignasjóðsins og voru sammála um það að nauðsynlegt sé að taka afstöðu til afgreiðslu stofnframlaganna hið fyrsta. Nauðsynlegt geti verið að framlengja starfstíma ráðgjafarnefndar Fasteignasjóðsins eitthvað frekar þar til tillögur um framtíðarhlutverk Fasteignasjóðsins sé orðið fastmótað. Ákveðið að nefndin setji sig betur inn í málin á milli funda og ræði áfram á næsta fundi nefndarinnar.

9. Önnur mál

Málefni Breiðdalshrepps

Lögð voru fram drög að minnisblaði frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga dags. í desember 2016 nefndinni til kynningar.

Í minnisblaðinu kemur fram ósk Breiðdalshrepps um framlengingu á samkomulagi innanríkisráðherra og sveitarstjórnar Breiðdalshrepps til ársloka 2017 en samkomulag um fjárhagslegar aðgerðir og eftirlit hefur verið milli aðila árin 2015 og 2016. Markmið samkomulagsins hafa náðst að flestu leiti hvað endurskipulagningu fjármála varðar en vísbendingar eru nú um frekari hættumerki í rekstri hreppsins þar sem sveitarfélagið hefur mátt þola áföll vegna náttúruhamfara og óvissu í atvinnumálum. Með framlengdu samkomulagi yrði vinnu haldið áfram við stefnumótun sveitarfélagsins til framtíðar og stefnt að auknu samstarfi við önnur sveitarfélög um einstaka þætti í rekstri sveitarfélagsins. Fram kom að eftirlitsnefndin og sveitarfélagið eigi eftir að ræða nánar um fyrirkomulag samkomulagsins á árinu 2017 og að formlegt erindi muni berast ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs frá Innanríkisráðuneytinu varðandi framlag vegna fjárhagserfiðleika Breiðdalshrepps vegna ársins 2017, sbr. b. lið, 7. gr. reglugerðar nr. 960/2010.

Fundur með Grunni

Farið var yfir fyrirkomulag og dagskrá fundar ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga með Grunni, félagi forstöðumanna skólaskrifstofa sem haldinn verður kl. 14:00 þennan sama dag.

Næsti fundur

Næsti fundur var ákveðinn 16. desember nk. kl. 11:30.

Fundi var slitið kl. 13:45.

Guðný Sverrisdóttir

Ásgerður Gylfadóttir

Birgir Björn Sigurjónsson

Bjarni Jónsson

Karen E. Halldórsdóttir

Sigríður Huld Jónsdóttir

Valdimar O. Hermannsson